



Olíu- og/eða leysiefni í jarðvegi

Sýnatökuleiðbeiningar fyrir mælingu á olíu- og/eða leysiefnum í jarðvegi:

- Sýnaglös (50 – 250 ml glerkrukkur) og lok skulu vera vel þvegin og skoluð vandlega til að losna við allar sápuþefar.
- Aðferð við sýnatöku er háð tilgangi rannsóknar og aðstæðum á vettvangi, hafið samband við rannsóknastofuna ef þörf er á nánari leiðbeiningum.
- Fyllið krukkurnar vel af jarðvegi og forðist að hafa mikið af steinum með. Reynið að hreyfa sem minnst við jarðveginum til að tapa ekki rokgjörnum efnum úr honum.
- Þurrkið alla mold af opi krukkunnar og lokið vandlega.
- Kælið sýnin og komið þeim á rannsóknastofuna eins fljótt og hægt er. Gott er að láta vita fyrirfram hvenær von sé á sýnunum.
- Hámarksgeymslutími er u.þ.b. 14 dagar í kæli.
- Sýnum þarf að fylgja skrifleg beiðni (má einnig vera tölvupóstur) þar sem fram kemur hvað á að mæla og hvert á að senda niðurstöður og reikning.